

Ed.

487. Nefndarálit

[178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Meiri hluti n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt. Við teljum óþarft fyrir Ísland að svo stöddu að fullgilda þennan samning. Útlendir menn njóta hér á landi sömu eignarréttarverndar sem innlendir menn, sbr. 67. gr. stjkskr. Engar líkur eru til, að íslensk fyrirtæki leggi í þá fjárfestingu erlendis, að af þeim sökum sé ástæða til þess fyrir Ísland að gerast aðili að þessum samningi. Auk þess er það upplýst, að einungis fjögur Afrikuríki hafi til þessa fullgilt samning þennan, en tuttugu ríki hið fæsta þurfa að fullgilda hann, til þess að hann öðlist gildi. Það skiptir engu máli, þó að þrjátíu og fimm ríki hafi undirritað samninginn, því að allir, sem nokkuð þekkja til gerðar milliríkjasamninga, vita, að undirskrift ríkja undir milliríkjasamninga ein út af fyrir sig er án allrar skuldbindingar um fullgildingu, svo sem reyndar er berum orðum fram tekið í þessum samningi, sbr. 67. og 68. gr. hans. Það er því allsendis óvíst, hvort eða hvenær þessi 35 ríki muni fullgilda samninginn. Þau geta látið það vera, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Það er því með öllu óvíst, hvenær samningur þessi öðlast gildi, ef það verður þá nokkurn tíma.

Þegar þannig stendur á, er rétt fyrir Ísland að biða átekta og sjá, hverju fram vindur.

Ísland hefur engan ávinning af fullgildingu þessa samnings, en bakar sér hins vegar skyldu til útgjalda, ef hann einhvern tíma skyldi öðlast gildi.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ólafur Jóhannesson,
frsm.

Alfreð Gíslason.

Bjarni Guðbjörnsson.